

# Vatnsendahvarf. Athafnasvæði. Breytt deiliskipulag.

## Greinargerð.

**Stærð og afmörkun:**  
Gildandi deiliskipulag Vatnsendahvarf – Athafnasvæði var samþykkt í bæjarstjórn 25. september 2001 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 15. janúar 2002 nær til um 23,3 ha lands og skiptist í tvo svæði: Svæði 1 afmarkast af Breiðholtsbraut til norðurs, Vatnsendavegi til suðvesturs og Íbúðabyggð 2 í Hvörfum og Vatnsendahvarfi til austurs. Svæði 2 afmarkast einnig af Breiðholtsbraut til norðurs, ánni Dimmu og Íbúðarbyggð 1 í Hvörfum til austurs en svæði 1 til vesturs. Heildarstærð svæðanna er 23,2 ha. Í tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir athafnasvæði Vatnsendahvarfs er gert ráð fyrir breyttum mörkum deiliskipulagssvæðisins.

**Forsendur og markmið og rök fyrir breytingunni:**  
Bæjarstjórn Kópavogs og borgarstjórn Reykjavíkur hafa samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir þrjú afangarn Amarnesvegur og tekur fyrirhuguð leiga hans ásamt breytti tengingu Vatnsendavegar mið af gildandi Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Nauðsynlegt er að breyta lóðamörkum vegna skorum skipulagsmarka Amarnesvegur og athafnasvæðisins í Vatnsendahvarfi þar sem vegstæði Amarnesvegur hefur færst austur.

Umrætt deiliskipulag Amarnesvegur er auglýst samhlíða breytingu á þessu deiliskipulagi. Einnig hefur þurft að taka tillit til breytinga sem ráðgerðar eru á lóðinni að Tónahvarfi 2 sem auglýst er samhlíða breytingu á þessu deiliskipulagi.

**Möguleg umhverfisáhrif:**  
Búast má við að umferð um Vatnsendaveg aukist en umferð um Vatnsendahvarf minnki við þær breytingar sem tenging til Amarnesvegur veiddur. Áhrif á samfélag, félagslegt umhverfi og efnahag er jákvætt í ljósi þess að búast má við betri umferðartengsl við Breiðholtsbraut með minni umferðartítt við gatnamót Breiðholtsbraut og Vatnsendavegar.

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi:

**Mörk deiliskipulags.**  
Mörk deiliskipulags færast til austurs og suðurs og fylgja nú mörkum deiliskipulags Amarnesvegur.


**Umferð.**  
Við gatnamót Vatnsendavegar og Tónahvarfs er gert ráð fyrir nýju hringtorgi.

**Göngu- og hjólaleiðir.**  
Nýjar göngu- og hjólaleiðir verða lagðar meðfram Vatnsendavegi

**Ferill málsins:**  
Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs þann 26. júní 2001 var lögð fram og samþykkt að auglýsa tillögu skipulagsdeildar að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis í norðanverðu Vatnsendahvarfi. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá xx. xx. xx til xx. xx. xx. Frestur til að skila inn athugasemdir og ábendingum var til xx.xx.xxxx. Engar Athugasemdir og ábendingar bárust. Samhlíða breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis var auðlýst tillaga að deiliskipulagi Amarnesvegur og breyting á deiliskipulagi Tónahvarfs 2.


## Skýringar

- Húsagötur innan lóða
- Byggingarreitur
- Bilageymsla í kjallara (byggingarreitur)
- Bindandi byggingarlína
- Miðlína Breiðholtsbrautar
- Bæjarmörk Kópav. / Reykjav.
- Mörk skipulagssvæðis athafnasvæðis
- Mörk skipulagssvæðis Amarnesvegur
- Lóðamörk
- Hámarks grunnfötur húss
- Fjöldi hæða og kjallari
- Áætlaður kóti götu/bilastæða.
- Hæðakótar (leiðbeinandi)
- Heildarfjöldi bilastæða / hlutfall í kjallara
- Settjörn
- Kvóð um tré og gróðurbelti
- Kvóð um grænt svæði
- Veghelgunarlína Amarnesvegur



Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040

Breyting staðfest af umhverfisráðherra



Hluti úr gildandi deiliskipulagi. Vatnsendahvarf - athafnasvæði samþ. í bæjarstjórn 25. sept. 01 m.s.br. Grunnmynd. Mkv. 1:2000



Tillaga að breyttu deiliskipulagi Vatnsendahvarf - athafnasvæði

Grunnmynd. Mkv. 1:2000